

## Samningur um umsjón og rekstur fólkvangsins Bringur í Mosfellsdal

1. gr.

### Samningsaðilar

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, og sveitarfélagið Mosfellsbær, kt. 470269-5969, gera með sér samning um umsjón og rekstur fólkvangsins Bringna í Mosfellsdal í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur fólkvangsins vera í höndum Mosfellsbæjar og í samræmi við auglýsingu um fólkvanginn Bringur í Mosfellsdal.

2. gr.

### Markmið samningsins

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur fólkvangsins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum.

3. gr.

### Mörk fólkvangsins

Mörk fólkvangsins liggja frá upphafspunkti á norðurbakka Köldukvíslar, um 250 metra ofan við Helgufoss (hnit punktur nr. 22). Frá þessum punkti liggja þau 330 metra í norðurátt og fylgja línu afmörkunar vatnsverndarsvæðis, austan við gamla bæjartúnið í Bringum og í punkt sem liggur um 250 metra sunnan við Nesjavallalínuveg. Síðan liggja mörkin 380 metra til norðvesturs, að upphafi gönguslóða sem liggur frá bílastæði inn á svæðið. Þaðan liggja mörkin til suðvesturs 370 metra þar til komið er á mótis við neðri mörk bæjartúnsins (hnit punktur nr. 2). Þaðan liggja þau suður að Köldukvísl 125 m og síðan eftir miðri ánni að upphafspunkti.

Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitstöflu (ISN93) og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali með auglýsingu um fólkvanginn í Stjórnartíðindum B.

Nr	X	Y	Nr	X	Y
1	376884.131	410997.167	13	376957.904	410463.161
2	375714.645	410668.268	14	376984.582	410459.157
3	376736.548	410545.201	15	377018.597	410449.147
4	376758.482	410561.260	16	377053.279	410445.810
5	376792.497	410575.941	17	377078.624	410462.493
6	376819.176	410598.631	18	377102.635	410472.503
7	376835.850	410581.947	19	377125.979	410468.499
8	376847.855	410566.598	20	377141.986	410472.503
9	376867.197	410552.584	21	377171.999	410490.521
10	376889.874	410540.572	22	377191.781	410494.480
11	376921.221	410493.191	23	377221.919	410823.101
12	376927.891	410475.840			

*Handwritten signatures and initials in blue ink.*

4. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn Bringur í samráði við Mosfellsbæ, sbr. d-lið 2. mgr. 6. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í verndar- og stjórnunaráætluninni skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

5. gr.

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir*

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Bringna og samþykta verndar- og stjórnunaráætlun. Óheimilt er að byggja varanleg mannvirki á svæðinu. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingar Bringna. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf vegna framkvæmda á hinu friðlýsta svæði.

6. gr.

*Umsjón, landvarsla og skipting kostnaðar*

Mosfellsbær sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur með fólkvanginum. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sér um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv. Málefnum sem koma upp og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Mosfellsbær greiðir laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar fólkvangsins. Mosfellsbæ ber að greiða öll opinber gjöld sem kunna að vera lögð á landið vegna fólkvangsins og rekstrarkostnað hans, landeiganda að kostnaðarlausu. Sveitarfélaginu Mosfellsbæ er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan fólkvangsins, s.s. leiðsögn um svæðið. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

Ef ráðinn er landvörður fyrir fólkvanginn skal viðkomandi uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

7. gr.

*Fræðsla*

Mosfellsbær gefur út fræðsluefni, s.s. bæklinga og skilti um fólkvanginn og ber kostnað af þeirri útgáfu. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulþjóðgarðs og Ferðamálastofu. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir uppsetningu skilta innan fólkvangsins. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um gerð og uppsetningu fræðsluefnis.

8. gr.

*Skýrslugerð*

Mosfellsbær skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi innan fólkvangsins. Í skýrslunni, sem skila skal í lok hver starfsárs, skal m.a. fjalla um ástand svæðisins, átlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli.

33 H  
Kix

9. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli skuldbindingar í samræmi við samning þennan og þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

10. gr.

*Gildistími og gildistaka*

Gildistími samnings þessa fyrir fólkvanginn er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

11. gr.

*Ákvæði um endurskoðun*

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir.


12. gr.

*Meðferð ágreiningsmála*


Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

*Mosfellsbæ 20. maí 2014*


F.h. Umhverfisstofnunar

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

F.h. Mosfellsbæjar

  
Haraldur Sverrisson  
bæjarstjóri

Staðfesting umhverfisráðherra

  
Sigurður Ingi Jóhannsson  
ráðherra

Vottar:

